

**Nd.**

**239. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og gert á því allverulegar breytingar. Leitaði hún álits landsímastjóra um það. Hafði hann þá skrifað stjórnarráðinu um málið, og tjáði stjórnarráðið sig samþykkt ástæðum hans.

Í erindi þessu heldur símastjórinn því fram, að óheppilegt sje að lands-  
sjóður kosti að öllu stöðvarnar. Það muni verða dýrara og af því muni það  
leiða, að landssjóður verði að draga saman seglin í öðrum framkvæmdum í  
þarfir símans, þegar þess sje einnig gætt, að símalagnaðurinn muni eftirleiðis  
verða takmarkaðri en verið hefir, þar sem viðhald símans fari mjög að auk-  
ast, þurfi að fara að endurnýja staura á linunum o. fl. Hins vegar lætur síma-  
stjórinn það í ljós, að hann álitir rjett, að landssjóður taki smám saman að sjer  
stöðvarnar, eftir því sem hann sjái að ástæður sjeu til.

Nefndin hefir því getað fallist á það, að naumast muni rjett að lands-  
sjóður taki að sjer allar stöðvarnar í einu, þar eð það myndi verða allmikil  
útgjöld, sem, eins og landssímastjórinn tekur fram, myndi koma niður þannig,  
að draga yrði úr framkvæmdum á lagning nýrra símalína og öðru, er að  
þeim málum lýtur. En nefndinni dylst þó ekki, að ýmislegt órjettlæti og ó-  
samræmi á sjer stað í kostnaði við rekstur stöðvanna, sem kemur mjög mis-  
jafnt niður á ýmsum hreppum og hjeruðum á landinu. Til þess að jafna þetta,  
leggur því nefndin til að gera landssjóði að skyldu að greiða vissan hluta af  
rekstrarskostnaði stöðvanna, eftir því hvers flokks stöðin er. Ljettir það að  
nokkru byrðina á þeim sveitarfjelögum, sem erfiðast eiga með að halda stöðv-  
unum uppi. En sjerstaklega verður að treysta því, að símastjórnin geri sjer  
að skyldu að haga samningum við stöðvarnar eftir því, hversu kostnaðarsamt  
er að starfrækja þær, hvaða þýðingu þær hafa í símakerfinu og hversu mikl-  
ar tekjur þær veita landssjóði.

Í sambandi við þetta mál rannsakaði nefndin það, hversu mikið fje  
hefði verið lagt fram til símalagninga á landinu af einstökum hreppum og  
hjeruðum. Dylst nefndinni ekki, að þar kennir einnig mikils ójafnaðar, og litur  
hún svo á, að þegar tímar liða og símakerfi landsins er komið í viðunanlegt  
horf, þá verði það að vera stefna þingsins að endurgreiða fje þetta smám sam-  
an, þó hún, eins og nú standa sakir, vilji ekki gera það að tillögu sinni. Má taka  
það fram um órjettlæti í þessu atriði, að einn hreppur í Suður-Múlasýslu  
hefir lagt fram 6 þús. kr. til símalagningar og kostar auk þess símastöð að  
mestu eða öllu leyti.

Þá vill nefndin loks geta þess í sambandi við þetta símamál, að henni  
þykir mjög óviðeigandi, að símastjóri af einræði einu saman setji yfirtaxta á  
símasamtöl, sem geta orsakað það að koma t. d. 3. flokks stöð alveg út úr síma-  
sambandi. Virðist að athygli símastjórans og framkvæmdir ættu frekar að bein-  
ast að því að fjölga þráðum á linunni, svo að stöðvar, sjerstaklega 3. flokks  
stöðvar, gætu frekar notið sín og aukið tekjurnar eins og þær í eðli sínu geta.  
Nefndin tekur það því sterklega fram, að hún álitur óviðeigandi og óheimilt að  
þröngva svona kosti manna, og eyðileggja með þessu símanot almennings að  
meira eða minna leyti.

Nefndin vill leggja til að gerðar verði á frumvarpinu þessar

#### BREYTINGAR:

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli símastjórnarinn-  
ar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðarins við rekstur símastöðva, greiðir  
landssíminn af kostnaði þessum ekki minni hluta en hjer segir:

- a. Af kostnaðinum við rekstur símastöðva I. flokks B  $\frac{4}{5}$ .  
 b. — — — — — II. — B  $\frac{2}{3}$ .  
 c. — — — — — III. — B  $\frac{1}{2}$ .

Rekstur eftirlitsstöðva og skiftistöðva kostar landssíminn að öllu leyti, en einkastöðvar hlutaðeigandi stöðvarstjóri eða hreppur.

Sömu ákvæði gilda um stöðvar þær, sem stofnaðar kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi.

Alþingi, 30. júlí 1917.

Þórarinn Jónsson,  
form. og framsögumaður.

Gísli Sveinsson,  
skrifari.

Benedikt Sveinsson.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.

B. R. Stefánsson.

Þorleifur Jónsson.